



8

KAFLI
ÞROSKASVIÐIN

EFNISYFIRLIT

Víddir persónuleikans

- Með skátaaðferðinni gefst unglingum tækifæri til að þroska öll svið persónuleikans
- Allar víddir persónuleikans vinna saman sem ein heild
- Táknræna umgjörðin styrkir ólík þroskasvið



Hugleiðingar um þroskasviðin

- Heilbrigði og hollusta
- líkamsþroski
- Skynsemi og sköpunarþrá
- vitsmunarþroski
- Vilji og persónuleiki
- persónuþroski
- Tilfinningar og skoðanir
- tilfinningaþroski
- Vinir og samfélag
- félagsþroski
- Lífsgildi og tilgangur lífsins
- andlegur þroski
- Sveitarfóringjar þurfa að kunna margs konar reynslusögur og vita hvenær á að nota þær
- Áfangamarkmiðin eru flokkuð eftir þroskasviðum

VÍDDIR PERSÓNULEIKANS

Með skátaaðferðinni gefst unglingum tækifæri til að þroska öll svið persónuleikans

Við upphaf kynþroska byrja krakkar að þróa með sér framtíðaráætlun. Slíkt er langtímaverkefni og tekur ekki á sig skýra mynd fyrr en eftir unglingsárin. Barnslegt ósjálfstæði vísar þá fyrir sjálfstæði þess fullorðna. Sem fullorðnir einstaklingar móta þau skýra sjálfsmynd og þróa eigin sjálfsvitund.

Þessi viðfangsefni eru ekki einungis háð einstaklingnum og fjölskyldusögu hans, einstaklingshæfni og aðstæðum, heldur einnig gildunum sem hann eða hún velur að hafa að leiðarljósi. Skátahreyfingin býður fjölda af viðeigandi verkefnum sem unglingarnir hafa frelsi til að velja úr.

Eitt af þessum viðfangsefnum, líklega það sem skiptir mestu máli, eru tilboðin í skátalögnum sem sýna þau mikilvægu gildi sem uppeldishlutverk skátahreyfingarinnar byggir á.

Annað mikilvægt atriði er að unglingnum býðst að þroska öll svið persónuleikans á yfirvegaðan hátt. Þannig fær hann tækifæri til að kanna fjölmarga möguleika og verða að ánægðum einstaklingi sem lifir í sátt við sig og lífið.



Til að hægt sé að ná þessum tilgangi, aðgreinum við *þroskasviðin* sem taka mið af gífurlegum fjölbreytileika mannlegra eiginleika og flokkum þau eftir meginviddum persónuleikans:

Víddir persónuleikans	Þroskasvið	Áhugaverðir þættir fyrir þennan aldurshóp
Líkami	Líkamsþroski	Ímynd líkamans og staðfesting á kynhlutverki.
Greind	Vitsmunaproski	Þróun á nýjum hugsunarhætti, gleggri dómgreind og dýpri skilningi á heiminum.
Vilji	Persónuþroski	Sjálfstraust, val á gildum, mótun siðferðisvitundar og leit að sjálfsvitund.
Tilfinningar og skoðanir	Tilfinningaþroski	Meðhöndlun og stjórnun tilfinninga og skoðana og reynsla af vináttu.
Félagsleg aðlögun	Félagsþroski	Læra að öðlast virðingu fyrir skoðunum annarra og búa til reglur með samkomulagi og aðlögun nærsamfélagsins.
Tilgangur lífsins	Andlegur þroski	Leit að lífsgildunum og tilgangi lífsins.

Skátahreyfingin býður upp á umhverfi þar sem unglíngarnir leika sér, skipuleggja ævintýri og læra meðal vina sinna í flokknum. Þessi verkefni veita þeim þann stuðning sem þeir þurfa til að þroska öll svið persónuleikans. Ekkert svið er vanrækt og ekkert eitt eftir umfram annað.


Út frá þessu sjónarmiði, er skátastarf meira heillandi en aðrir valkostir sem unglingum á þessum aldri standa til boða. Það er fjölbreyttara en starf íþróttafélaga, trúfélaga, kóra og skólahljómsveita, æskulýðsmiðstöðva, ungliðastarfs björgunarsveita og stjórn málaflokka. Munurinn er sá að skátastarfið getur rúmað ólík áhugasvið unglunga og setur starfið allt í stærra og meira heillandi samhengi, sem stuðlar að persónulegum þroska einstaklingsins í heild.

Allar víddir persónuleikans vinna saman sem ein heild

Það er mjög gagnlegt og fræðandi að leiða hugann að þessum ólíku þroskasviðum því það auðveldar okkur að:

- Tryggja að öll verkefni í flokkunum og sveitinni okkar hafi jafnt vægi og hygli ekki ákveðnum persónuleikasviðum unglunganna á kostnað annarra
- Aðstoða unglunga sem eru að þróa persónuleika sinn, við að greina mismunandi svið persónuleikans í sundur og þroska hvert og eitt með hjálp áfangamarkmiðanna.
- Meta þroska unglunga á mismunandi sviðum

Flestar ef ekki allar víddir persónuleikans vinna eins og ein heild í okkar daglega lífi. Þær tvinnast saman á þann hátt að nánast er ógerlegt að draga línu á milli þeirra. Þær hafa áhrif hver á aðra og vinna saman að því að ákvarða hvernig við erum sem manneskjur.



Táknræna umgjörðin styrkir ólík þroskasvið

Þroskasviðin tengjast inn í táknrænu umgjörðina sem hvetur unglíngana til að vinna að áfangamarkmiðunum. Við þekkjum forvitni barna og unglínga og stöðuga þörf þeirra og löngun til að kanna ný svið og nema nýjar lendur í hópi jafningja. Þó að táknræn umgjörð þjóni sama tilgangi í öllu skátastarfi þá eru sögu sviðin sem valin eru fyrir hvert aldurstig og í samræmi við þroska skátanna.

Eins og þið munið útskýrðum við þroskasviðin fyrir dregaskátunum með hjálp sögupersóna úr Dýrheimasögum Kiplings, nema þegar kom að andlega þroskanum. Á stigi dregaskáta getum við notað dæmisögur þar sem dýr eru persónugerð til að útskýra fyrir krökkunum hvers konar hegðun er viðurkennd. Með því komum við uppeldismarkmiðum okkar að á því aldurstigi. Sögupersónurnar eru einnig kynntar í Dregaskátabók barnanna og þar eru áfangamarkmiðin skráð.

Sögu svið fálkaskátastarfsins eru Íslendingasögurnar. Raunverulegir kappar og kvenskörungur landnáms- og sögualdar birtast fálkaskátum í ævintýralegum aðstæðum sem oft eru litaðar skáldgáfu sagnaritarans. Þessi blanda raunveruleika og ævintýra hentar vel þroska krakka á fálkaskátaaldri sem eru að byrja að hugsa óhlutbundið.

Á dróttskátastiginu, þar sem unglíngarnir hafa tamið sér óhlutbundna hugsun, er þessu öðruvísi varið. Í stað táknmynda koma ekki aðeins raunverulegar hetjur, heldur einnig raunverulegir atburðir.

Á þessum aldri eru táknmyndir ekki lengur nauðsynlegar. Þess í stað eru sagðar ólíkar reynslusögur af raunverulegu fólki. Körlum og konum sem brutu af sér fjöttra þess hefðbundna, horfðu hærra, sáu lengra og könnuðu hið ókunna. Könnuðu ný svið og námu nýjar lendur. Lærðu um leyndardóma sem ekki voru fullkannaðir og rannsökuðu nýjar þjóðfélagslegar, menningarlegar og andlegar viddir. Sókn þeirra eftir vitneskju um innsta eðli hlutanna og leyndardóma þeirra er merki um að fyrirmyndirnar hafi verið raunverulegir „skátar“.

Reynt er að gera fólkið að nokkurs konar tákngevingum fyrir þær hugsjónir sem unglíngar á dróttskátaaldri bera í brjósti. Eins og landkönnuðir, frumkvöðlar, listafólk og uppfinningamenn eru unglíngarnir á þeim stað í lífinu að verða að yfirgefa þægilegt fjölskylduumhverfi og halda af stað í lífinu að sjálfum sér. Þeir eru að leggja upp í félagslegan könnunarleiðangur þar sem þeir sjá nýjar hliðar á persónuleika sínum og lífsáformum.

Á dagskrárvæf BÍS má finna fleiri reynslusögur og ævintýri sem kynna áhugaverðar „fyrirmyndir“ fyrir unglíngunum.


Eitt af áfangamarkmiðum persónuþroskasviðsins hljóðar til dæmis svona: „Ég reyni að gera hlutina í samræmi við það sem mér finnst rétt.“ Textinn er lýsandi fyrir **Abraham Lincoln** sem var á sínum yngri árum vinnumaður hjá landnema einum í Indiana-fylki. Abraham hafði fengið bók um lífið og stjórn málin í Washington að láni hjá bóndanum en svo óheppilega vildi til að það rigndi á bókina svo hún eyðilagðist. Þrátt fyrir fátækt sína vann Abraham í þrjá heila daga til að greiða fyrir bókina. Samviskusemi hans og heiðarleiki ávann honum gælunafnið „heiðarlegi Abe“.

Eitt sinn þegar siglt var eftir Mississippi-fljótinu á ferjubáti þar sem Abraham var leiðsögu- maður og matsveinn, varð hann vitni að þrælauppboði þar sem svart fólk var hlekkjað og barið með svipum. Í viðurvist féлага sinna hét hann því að ef hann fengi einhvern tíma tækifæri til að stöðva slíka framkomu myndi hann beita sér fyrir því af öllu hjarta. Sem forseti Bandaríkjanna lagðist hann eindregið gegn þrælahaldi og átti stóran þátt í því að það var afnumið. Hann var ávallt trúr hugsjónum sínum, þótt það kostaði hann á endanum lífið.

Atburðir sem þessir tengja unglिंगana raunverulegu fólki sem sýnt hefur fram á að við getum lifað lífinu trú gildum okkar, gildunum sem er að finna í skátalögnum og markmiðunum sem unglिंगum bjóðast á mismunandi þroskasviðum.



Abraham Lincoln var kjörinn forseti Bandaríkjanna árið 1860. Árið 1865 aflétti ríkisstjórn hans lögum um þrælahald.



Myndin hér að neðan sýnir Ford leikhúsið í Washington þar sem Lincoln var skotin 14. apríl 1865. Hann lést af sárum sínum snemma næsta morgun.



HUGLEIÐINGAR UM ÞROSKASVIÐIN

Heilbrigði og hollusta – líkamsþroski

Sumir halda því fram að einstaklingur geti ekki haft áhrif á þróun líkamans, þar sem líkaminn þroskist og starfi eftir líffræðilegum lögmálum náttúrunnar. Þetta er aðeins satt að hluta til. Vísindalegar rannsóknir benda til að við getum gert heilmikið sjálf til að vernda lífið, þroska líkama okkar og viðhalda heilbrigði.

Þess vegna ætti fyrsta verkefni okkar að vera að stuðla að líkamsþroska. Hann hefur gríðarleg áhrif á persónuleikann og ýtir undir heildarþroska einstaklingsins.

Unglingar á aldrinum 13–15 ára verða smám saman að læra að taka ábyrgð á þeim verkefnum sem allir þurfa að sinna í tengslum við líkama sinn, eins og að:

- Þekkja líffræðilega ferlið sem stjórnar líkamanum.
- Vernda heilsuna.
- Huga að hreinlæti og snyrtilegu umhverfi.
- Nota tímann skynsamlega.
- Borða fjölbreytta fæðu.
- Nýta frítímann vel.
- Njóta útivistar og hreyfingar.

Hins vegar er efst í huga unglunga á þessum aldri umbreyting líkamans sem hefst við kynþroskann. Þess vegna þurfa þeir meðal annars að læra að:

- Þekkja hvað er að gerast í líkamanum.
- Skapa sér raunhæfa mynd af líkama sínum.
- Höndla vandræðaganginn sem tengist bráðþroska og seinþroska.
- Sætta sig við ójafnvægi sem er hluti af þroskaferli þeirra.
- Hafa stjórn á skyndihvötum og beina styrk sínum í réttan farveg.
- Virða líkama sinn og annarra.
- Meta eigið útlit.
- Hafa stjórn á ýmsum þáttum í skapgerð sinni svo sem ágengni og frekju.
- Gera sér grein fyrir líkamlegri áhættu.
- Tileinka sér virkni í daglegu lífi.



Nokkrar sögur á dagskrárvef BÍS varpa ljósi á þetta sérstaka samband milli persónuleika manneskjunnar og líkama hennar.



Inúítar heimskautasvæðanna kenndu **Viljalmi Stefánssyni** að spara orku líkamans og hvað gera skyldi í illviðri. Þá þurfti einstaklingurinn umfram allt að halda ró sinni. „Ástæða þess að svo margir hvítir menn frjósa í hel á norðurslóðum er fyrst og fremst tiltekin hjátrú þeirra varðandi kulda, en hún er eitthvað á þessa leið: Maður verður stöðugt að halda sér á hreyfingu annars frýs maður í hel, sér í lagi ef maður sofnar. Eskimóar fara þveröfugt að þeir halda kyrru fyrir þangað til hríð slotar. Þannig komast þeir hjá óþarfa orkusóun og það sem meira er, þeir svitna ekki og fót þeirra frjósa ekki fyrir þá sök. Hvítir menn ganga oft þangað til þeir eru uppgefnir og þar sem þeir eru þá orðnir veikburða verða þeir kuldanum að bráð.“

Vegna þekkingar sinnar á mannslíkamanum tókst **Ernest Shackleton** að bjarga sjálfum sér og mönnum sínum frá því að sýkjast af skyrbjúgi þegar þeir voru innilokaðir í Suður-Íshafinu í 20 mánuði. Þeir bjuggu sér til mörgæsakássu og átu innfyli úr dýrum sem þeir veiddu en þannig fengu þeir þann skammt af C-vítamíni sem líkaminn þarfnæðist.



Með hollu matarræði, heilbrigðum lífnaðarháttum og þrotlausum æfingum öðlaðist **Albert Guðmundsson** þá yfirburði á knattspyrnuvöllinum sem raun bar vitni. Frönskum blaðamönnum var tíðrætt um reglusemi hans, þar sem hann bað um mjólk þegar öðrum var veitt vín. Hann setti ekki upp neinn merkissvip eða afsakaði sig – kurteislega bað hann einfaldlega um mjólk. Þeir slógu því föstu að ró hans og festa í leik á hverju sem gekk bæri vott um menntun hans og gáfur. Eftir hvern leik þakkaði hann dómaraum með handabandi og talaði glaðlega við mótherjana sína. Væri honum boðið til samkvæmis þá kom hann fram eins og heimsborgari. Ætti hann stefnumót á ákveðnum stað og tíma, þá kom hann á réttum tíma.

Jón Páll fékk bókina með Atlas líkamsræktaræfingunum að gjöf þegar hann var sjö eða átta ára gamall, en þar er kennt að þjálfva vöðva án tækja. Hann notaði þessar æfingar í mörg ár, hafði löngun til að verða sterkur.

Frá barnæsku stundaði hann frjálssar íþróttir, fótbolta og handbolta og á unglingsárum karate, ólympískar lyftingar og kraftlyftingar. Allt var þetta ómetanlegur undirbúningur og leiðir að markmiði hans - að verða sterkasti maður heims.





Bandaríkjakonan **Annie S. Peck** stundaði fjallaklifur fram á 82. aldursárið. 59 ára gömul kleif hún norðurtind Huascarán í Perú í sjöttu tilraun til að klífa hæstu tinda Perú og Bolívíu. Þekraun á þessum aldri þarf gríðarlegan undirbúning og stjórn á eigin líkama sem fáum er gefin. Í viðurkenningarskyni við þetta mikla afrek var tindurinn nefndur „Cumbre Aña Peck“ henni til heiðurs.

Annie var með meistaragráðu í grísku frá Michigan-háskóla í Bandaríkjunum og starfaði við kennslu fyrst eftir útskrift úr háskóla. Árið 1884 flutti hún til Evrópu og stundaði nám í þýsku

í Hannover, Þýskalandi, og grísku, latínu og fornmálum í Aþenu í Grikklandi.

Í Evrópu vann hún fyrir sér sem fyrirlesari og kennari í fornmálum og fornleifafræði auk þess að stunda fjallgöngur af kappi. Meðan á Evrópudvölinni stóð varð hún fyrst kvenna til að klífa fjallstindinn Matterhorn í Svissnesku Ölpunum.

Þýski vísindamaðurinn **William Conrad Röntgen** sem uppgötvaði röntgengeislana árið 1895 var sömuleiðis mikill fjallamaður.

Baden-Powell mælti með hollu mataræði, góðri hvíld og líkamlegri áreynslu fyrir ungt fólk líkt og hann sjálfur stundaði daglega.

Skynsemi og sköpunarþrá – vitsmunabroski

Manneskjan er meira en líkaminn. Mannfólkið býr yfir greind.

Greind gerir okkur kleift að greina sannleika, skapa tengsl, draga ályktanir, hugsa rökrétt, beita sköpunargáfu, ígrunda, geyma upplýsingar og framkvæma ýmis önnur verk sem smám saman efla okkar eigin þekkingu og reynslu.

Þekkingarforði er ekki það sama og hæfnin til að nota þekkingu á viðeigandi hátt og að skapa nýjar hugmyndir og finna frumlegar lausnir. Þessi hæfni er það sem við köllum *vitsmunabroska*. Gott uppeldi, góð menntun og ekki síst lífið sjálft reynir á vitsmuni okkar og gerir okkur skapandi.

Öll getum við eflt vitsmunabroska okkar. Við þurfum bara að leyfa sköpunarþörfinni að blómstra og gefa henni rúm í lífi okkar. Til þess þurfum við örvandi umhverfi sem úr spretta nýjar hugmyndir og þar sem við finnum okkur örugg og metin að verðleikum.

Við þurfum líka að útiloka það sem hindrar vitsmunabroskann:

- Óraunhæft sjálfsmat og skort á sjálfsgagnrýni.
- Að ala með sér fordóma og vera of viss um að hafa rétt fyrir sér.
- Ótta við að spyrja spurninga, mistakast eða misheppnast.
- Skort á ævintýraþrá og ótta við að prófa eitthvað nýtt.
- Mikla feimni og einangrun frá öðrum.
- Tilhneigingu til að „fylgja straumnum“.
- Kerfisbundin höft eða eftirlit.

Að verða skapandi manneskja gerist ekki á einum degi. Þegar 13-15 ára unglingar eru að kanna heiminn, þróa með sér óhlutbundna hugsun og uppgötva orsakasamhengi, er upplagður tími fyrir þá til að:

- Nálgast öll mál með opnum huga og þróa með sér námsáhuga.
- Vinna úr upplýsingum.
- Venja sig á að lesa.
- Kanna framtíðarmöguleika.
- Láta í ljós áhugamál sín og hæfileika.
- Kynnast betur skipulegum vinnubrögðum.
- Leyfa sér að dreyma og ímynda sér hluti.
- Læra að líta á mistök sem tækifæri til að læra af.

Í skátahreyfingunni skapar flokks- og sveitarstarfið lærdómsvettvang. Bæði hefðbundnu verkefni og valverkefni sem skátarnir takast á við með flokknum sínum örva áhuga þeirra á að læra, ýta undir ævintýraþrá, fá þá til að hugsa, ígrunda og skapa eitthvað nýtt og bjóða þeim tækifæri til að leysa upp á eigin spýtur þau vandamál sem verða á vegi þeirra.

Á eðlisfræðiráðstefnu sem haldin var í Þýskalandi árið 1893, stóð mikilsmetinn vísindamaður upp til að lýsa því yfir að eðlisfræðin væri fullkomnuð og að allar uppgötvanir sem hægt væri að gera á því sviði hefðu nú þegar verið gerðar. Hann tók alla vísindasöguna eins og hún lagði sig saman í minningargrein líkt og hún væri dái og horfin að eilífu. Hann lauk ræðunni með því að tjá eðlisfræðingum framtíðarinnar samúð sína. Þeir hefðu ekki annað að gera en endurtaka tilraunir fortíðarinnar.

Viðbrögðin létu ekki á sér standa. Tveimur árum eftir þessa opinberu yfirlýsingu um endalok eðlisfræðinnar, uppgötvaði **Conrad Röntgen** röntgengeislann í fábrotinni rannsóknarstofu í eðlisfræði við Háskólann í Würzburg. Ári síðar, þegar þekking á þessum sérstöku geislum var enn á frumstigi, tilkynnti **Henri Becquerel** heiminum að hann hefði uppgötvað dularfulla geislun frá úransóltum. Tveimur árum síðar, árið 1898, uppgötvuðu **Curie**-hjónin frumefnið radíum. Um svipað leyti, í Háskólanum í Zürich, var **Albert Einstein** að undirbúa sínar frægu greinar sem lögðu grunninn að afstæðiskenningu hans og komu út í heild árið 1905.



Innan við tíu árum eftir að „fullkomnun eðlisfræðinnar“ hafði verið lýst yfir opinberlega, urðu vísindamenn vitni að þremur af mikilvægustu uppgötvunum okkar tíma og algjörru umbreytingu á stöðu eðlisfræðinnar innan vísindanna. **Röntgen, Becquerel, Curie**-hjónin og **Einstein** hefðu ekki getað gert uppgötvanir sínar án sköpunargáfunnar og skapandi vísinda.

Á dagskrárvef BÍS má finna frásagnir sem örva sköpunarþörf og þá ígrundun og gagnrýnu hugsun sem vitsmunaprósinn þarfnast.



Í pistli sínum „Höfundurinn og verk hans“ árið 1942 sagði **Halldór Kiljan Laxness** meðal annars:

„Þegar ég var yngri en ég er nú, hélt ég að það væri tiltölulega auðvelt að skrifa bækur, jafnvel góðar bækur. Ég hélt að það þyrfti ekki annað en að heyja að sér vænan feng af orðum úr sígildum bókum, finna þarnæst eitthvert sem maður hefði unað af, setja sig síðan í stellingar eins og rólegur kontóristi og bæta síðu við síðu uns komin væri bók. - Og allir mundu verða ánægðir.“

Það er engin smá reynsla fyrir mann sem áleit það höfuðatriði lífs síns að semja bækur, að uppgötva að bók er blekking og bók getur aldrei orðið góð nema það sé aukaatriði að hún er bók. - Bókin er sjónhverfing. - Sá maður sem skrifar bækur, skrifar ekki bækur.

Málfræðingar og rithöfundar skrifa stundum í blöðin að það sé nauðsynlegt að rithöfundar kunnir stafsetninguna. Þetta er hverju orði sannara. Rithöfundar ættu ekki aðeins að kunna stafsetningu heldur að minnsta kosti þrjár eða fjórar stafsetningar móðurmáls síns. Það er ekki nema sjálfsagt fyrir göngugarp að eiga þrenna skó. - Hinu má aldrei gleyma að jafnvel berfættur maður getur komist lengra en maður á þrennum skóm.

Stundum rísa upp þursar og segja að skáld eigi að vera þjóðleg en ekki alþjóðleg. Hér er engin spurning um hvað eigi að vera, því það er staðreynd að öll almennileg skáld eru bæði þjóðleg og alþjóðleg í senn. Maðurinn er, ekki síst nú á dögum, að minnsta kosti eins alþjóðlegur og fuglarnir. Góð bók skrifuð í Kína er rituð fyrir Ísland. Tungurnar eru aðeins mismunandi ker fyrir hugsanir, hugmyndir og hugsjónir sem eru samþjóðlegri en nokkru sinni áður í sögu heimsins. Enginn getur orðið sæmilegur höfundur á þessum tíma nema hann kappkosti að nema það sem numið verður á stuttri ævi andanum til eflingar, hvort heldur það kemur frá Berlín, Lundúnum, Nýju Jórík, Moskvu eða Reykjavík. - Heimurinn er einn og maðurinn er í heiminum.

Ég gæti trúað að þroskaðir höfundar ættu sammerkt í því að finnast ævinlega jafn óviðráðanlegt vandamál hvernig þeir eigi að binda hug sinn og orð í nýrri bók. Oft skeikar höfundinum í því að segja það sem hann vill, kannski oftast nær. Að baki einnar setningar geta legið margar andvökunætur, allt átak höfundarins útboð allra krafta sem hann átti til en samt er setningin misheppnuð. En það getur einnig komið fyrir þegar minnst varir að höfundurinn slái nýjan tón, þó ekki sé nema með þrem orðum eða svo, tón sem er svo voldugur, svo sterkur, mjúkur og hreinn að aðrar raddir þagna. - Kannski upplýkur ein stutt setning leyndardómum heils mannlífs, heillar aldar, heils heims: „o crux ave spes unika“; „to be or not to be, that is the question“; „deyr fé“; „upp, upp mín sál“; „ung var ég gefin Njáli.“





Klettafjallaskáldið **Stephan G. Stephansson** var ekki alltaf í miklum metum hjá samlöndum sínum í Vesturheimi. Sú þröngsýni og kreddufesta, ásamt virðingar leysi fyrir skoðunum annarra, sem um skeið var mjög áberandi í kirkjulífinu vestan hafs, gaf honum tilefni til margra beiskra ádeilukvæða. Á dvalarárum sínum í Bandaríkjunum hafði hann orðið andsnúinn kirkju og klerkum og gerst eindreginn „frihyggjumaður“. Hann tók ákveðna afstöðu gegn hinni Lútersku kirkju og „fornfálegum kreddukenningum hennar“ eins og hann orðaði það, og þá ekki síður útskúfunarkenningu hennar.

Í Norður-Dakota stofnaði hann ásamt 7 löndum sínum „Hið íslenska menningarfélag.“ Í stofnskrá segir að markmið þess sé „að styðja og efla menningu og siðgæði ...“ Í stað kreddubóðskapar hinna mismunandi kirkjudeilda ástundi meðlimir félagsins mannúð og bræðralag.

Í stað efallausrar trúar á kennisetningar komi rökhyggja og frjáls könnun, í stað bókstafstrúar komi eigin sannfæring, í stað fáfræði og fordóma komi frjáls hugsun og framfarir.

– Vitaskuld urðu viðbrögð kirkjunnar harkaleg.

Menningarfélagið var stimplað sem samtök guðleysingja og Stephan jafnvel kallaður nýr Anti-Kristur. En Stephan var enginn trúleysingi, hans guð var bara allt öðruvísi en sá guð sem kirkjan prédikaði um. Stephan tókst einnig að reita samlanda sína vestanhafs til reiði með friðarhugsjón sinni, andstöðu við Búastríðið og Heimsstyrjöldina fyrri. Þegar Vestur-Íslendingar fögnuðu aðild að framlagi Kanada í þeim hildarleik sendi friðarsinninn Stephan, sem fyrirleit þá „lögvernduðu slátrun,“ frá sér eftirfarandi lýsingu:

Evrópa er sláturhús, þar myrða þeir af móði
og mannbúka í spaðtunnurnar brytja í erg og gríð.
Við trogið situr England og er að hræra í blóði
með öllum sínum kaupmönnum og bæjargötulýð.

Það munaði minnstu að ljóðakverið „Vígslóði“ með hárbeyttum ádeilukvæðum hans á styrjöldina kæmi honum í fangelsi.

Stephan var alþjóðlegur í hugsun, en um leið var hann þjóðlegur í anda og skoðaði sig fyrst og fremst Íslending, þótt hann æli mest allan aldur sinn meðal framandi þjóða. Hann var einlægur friðarvinur og tók ætíð málstað hinna kúguðu gegn harðstjórn og ofríki. Einnig var hann framarlega í flokki þeirra manna, sem lengst gengu í sjálfstæðismálum Íslendinga. Víðsýni hans var mikið og öll klíkumennska var andstyggð í augum hans.

Stephan hafði einlæga samúð með minnimáttar og hetjur hans eru hinar óvæntu hetjur hversdagsins, landneminn, förumaðurinn, unglungurinn og venjulegt fólk sem storkar ofureflinu. Af mannlegum kostum metur hann mest hetjulund þeirra sem leggja sig í hættu fyrir aðra, fordómaleysi, göfugmennsku og skynsemi.

Vegna friðarboðskaps síns var Stephan kallaður „rauðliði“ og kommúnisti, en það var hann ekki. Hann var fyrst og fremst friðarsinni og mannvinnur. Hann trúði á góðleik mannsins og getu hans til að skilja á milli góðs og ills. Hann taldi, að maðurinn bæri ábyrgð á því að öll framþróun yrði til góðs og komandi kynslóðum til heilla.



Hedwig Eva Maria Kiesler sem betur er þekkt undir nafninu **Hedy Lamarr**, var fræg kvikmyndastjarna á 4. og 5. tug síðustu aldar. Hedy var líka uppfinningamaður og fékk einkaleyfi fyrir hugmynd sem skipti sköpum í þróun þráðlausrar samskiptatækni. Í heimsstyrjöldinni síðari fann hún, ásamt Georg Anthall, upp aðferð til að tryggja öruggar skeytasendingar milli herdeilda með því að stökkva á milli tíðnisviða, en sú tækni var síðar nefnd rófbreikkun.

Eins og margar aðrar stjórnur þess tíma heimsótti Hedy Lamarr fjölda herstöðva til að skemmta hermönnum og gat í leiðinni átt samræður við ýmsa yfirmenn. Ímynd hennar sem þökkagyðju úr kvikmyndum var frábært yfirvarp. Engan þeirra grunaði að þessi gullfallega kvikmynda-stjarna væri í rauninni að velta því fyrir sér hvernig hún gæti notað hugvit sitt til að leggja málstað Bandaríkjanna lið.

Söngkonan og dansarinn **Josephine Baker** var bandarísk blökkukona frá St. Louis. Hún náði nokkrum vinsældum í Bandaríkjunum en þurfti að kljást við kynþáttafordóma. Hún flutti til Parísar þegar hún var nítján ára og þar varð hún heimsfræg. Þegar heimstyrjöldin síðari brast á fór hún að vinna á laun fyrir frönsku andspyrnuhreyfinguna og smyglaði meðal annars kortum og leyniskjólum frá andspyrnumönnum inn á landssvæði sem þjóðverjar höfðu hernumið. Frægð hennar og vinsældir slógu ryki í augu óvinaherforingja, sem vildu ólmir hitta stjórnuna og fékk hún því óheftan aðgang að hernaðarlega mikilvægum svæðum. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig skrifaði hún ævinlega mikilvægar upplýsingar á nótnablið sín með ósýnilegu bleki.



Tuttugu og níu mánaða löng, ævintýrleg könnunarferð þeirra **Lewis og Clark** um Missouri ána, krafðist mikils af hyggjuviti þeirra og sköpunargáfu. Eitt sinn hittu þeir fólk af Salish-ættbálki sem hafði aldrei séð hvíta menn áður og talaði svo einkennilegt mál að landkönnuðirnir héldu í fyrstu að það væri málhalt. Til þess að hóparnir skildu hvor annan þurfti að búa til einkennilega tungumálakeðju. Barn af Shoshone-ættkvísl dvaldi hjá ættbálknum. Barnið þýddi yfir á Shosone mál fyrir **Sacagawea** – innfædda konu sem hafði verið fengin í leiðangurinn stuttu áður. Hún þýddi yfir á Hidata fyrir franskan eiginmann sinn, sem síðan þýddi það sem sagt var yfir á frönsku fyrir franskan mann í leiðangrinum sem kunni einnig ensku. Sá þýddi það síðan á ensku fyrir Lewis og Clark og aðra þátttakendur í leiðangrinum. Ef svara þurfti varð að fara öfuga leið til baka.



Jakobína Sigurðardóttir rithöfundur var 15 ára þegar hún yfirgaf heimabyggð og kom þangað aðeins sem gestur eftir það. Hún fæddist í Hælavík í Norður-Ísafjarðarsýslu, elst 13 systkina. Fátækt var mikil, börnin mörg og búið of lítið til að framfleyta svo stórir fjölskyldu. Lífsbaráttan var löngum hörð á Hornströndum í einangruðum byggðum, samgöngur erfiðar og stríð háð við óblíð náttúruöfl. Þar gildi hið fornkveðna – að duga eða drepast.

Jakobína réðist í vist þegar hún kom til Reykjavíkur, en stundaði nám í Ingimarsskóla og Kennaraskólanum á kvöldin. Árið 1949 flutti hún að Garði í Mývatnssveit og stundaði þar bústörf til æviloka. Snemma byrjaði Jakobína að skrifa sögur og yrkja ljóð.

Jakóbína var með þekktustu rithöfundum landsins á sinni tíð. Verk hennar einkenndust alla tíð af tilraunagleði og næmri stílvitund og sömuleiðis af pólitískum skoðunum hennar, sem hún fór aldrei í launkofa með.

Jakóbína gat verið hörd í horn að taka, en var hjartahly og raungóð, talaði máli hinna minni-máttar, fyrirleit hvers konar dramb og vald sem notað var til að troða á rétti lítilmagnans. Með góðri greind, bóklestri, hvössum skilningi, djúpri reynslu, opnum augum fyrir umhverfi og mannlífi og afdráttarlausri kröfu til sjálfrar sín um vinnubrögð tókst Jakóbínu að ná mjög langt á ritvællinum.

Í formála fyrir kvæðabók sinni segir Jakóbína um kvæði sín: „Þau eru ekki ort til að þóknast einum né neinum. Og ekki að annarra óskum... Ég er ekki að biðja neinn afsóknar á þessu... Hér er aðeins ég, og um það hef ég ekki meira að segja.“

Listmálarinn **Jóhannes Kjarval** var eins konar tónskáld í litum. Sýn hans á lífið og náttúruna og sköpunarkraftur sá er birtist í málverkum hans eru einkenniðleg og ævintýrleg. Hann syngur hinni dularfullu feegurð lof með pensli sínum ... í verkum hans sjáum við á nýjan hátt fegurð fjallanna, jöklanna, mosans, hraunsins og skynjum dulúð þeirra. Hann vildi veg Íslands sem mestan og vildi með verkum sínum kynna Ísland fyrir umheiminum. Það gekk eftir, verk hans hafa verið sýnd víða um heim og hlotið mikið lof auk þess sem þau hafa vakið mikla athygli og áhuga manna á landinu.

Haft er eftir Meistara Kjarval, eins og hann var gjarnan nefndur; „Og ég fann smám saman það sem ég hálfvitandi leitaði að – að læra og kunna – ég lærði að velja og hafna. Þá varð mér smám saman ljóst að ég þurfti að skilja samtíð mína til þess að geta dæmt um nýtt, og gamalt í listum. Ég vissi að Ísland átti enga fortíð í málalartist og ábyrgðartilfinningin vaknaði, er fylgir einstaklingi hverjum. Ég vildi vita deili á því sem var og er og sökkkti mér niður í allar stefnur og byggði yfir hugmyndir mínar og fann nýjar stefnur. Ég lærði að hugsa sjálfstætt í listheimi mínum; væri ég viðvaningslegur stundum var það bara þjóðerni mitt.

Ég viðurkenndi ætt mína fyrir sjálfum mér og gleymdi ekki að styrkur minn var takmarkaður í upphafi, frá minni eigin þjóð. Þess vegna fór ég heim til að sjá stefnuna sem bar mig sem barn, fjallið með musterislínunum og jafnvægið sem enginn sér nema hann hafi vegið brota-silfur árum saman. Ég lærði grandgæfilega þessar stefnur og gat byggt upp mynd í hvaða stefnu sem var. Og ég tók próf við listaskólann á meðan. Síðan byrjaði ég að halda sýningar og hélt áfram að læra eins og allir menn verða að gera.

Ég býst við að íslensk náttúra reynist mér fullnaðarskóli eins og annarra þjóða listamönnum þeirra jörð. Sögnin um heimsfrægðina eru barnabrek hjá þjóð sem er að byrja að sá í illa yrktan akur. Meiru varðar að hlýindi sumars gefi góða uppskeru, þá mun þjóðin verða sterk eins og landið og fóstura falleg blóm sem margir vilja dást að og skoða.“





Kvikmyndaleikstjórinn frægi, **Alfred Hitchcock**, lagði áherslu á frumleikann og sköpunarþörfina með því að segja: „Það er til nokkuð sem er miklu þýðingarmeira en rök og það er fjörugt ímyndunarafl.“


Til að efla vitsmunabroska leggur *skátaáðferðin* áherslu á ímyndunarafl. Unglingunum er kennt að horfa út fyrir rammann, brjótast úr viðjum þess hefðbundna og virða fleira en notagildið eitt.

Brasilíska tónskáldið **Heitor Villa Lobos** hefur sagt: „Tónlist er alveg jafn gagnleg og vatn og brauð.“ Og **Louis Pasteur** bætti við að það væri skylda okkar að kafa undir yfirborðið, að „prófa öll afbrigði...“

Að læra að vera skapandi gerir unglina að gerendum. Bandaríski hugsuðurinn **Marshall McLuhan**, sem hafði mikil áhrif á menntun með grundvallarkenningum sínum um nútímasamskipti, sagði eitt sinn:

„Það eru engir farþegar á geimskipinu jörð. Við erum öll í áhöfninni.“

Unnt er að efla vitsmuni, ígrundun og sköpunarmátt skátanna með fjölbreyttum verk-efnum og raunverulegri þátttöku þeirra í skipulagningu og framkvæmd skátastarfsins bæði í flokknum og skátasveitinni.



Vilji og persónuleiki – persónuþroski

Auk greindar býr mannfólkið yfir vilja. Þetta tvennt bætir hvort annað upp, – það gagnast lítið að vera greindur ef manneskjan beitir ekki viljanum. Greindin auðveldar okkur að ígrunda og viljinn beinir okkur í þá átt sem við teljum vera rétta.

Einstaklingur með sterkan persónuleika er færari en aðrir um að beita viljanum. Slikur einstaklingur vill stjórna eigin styrk og hvötum í samræmi við þær lífsreglur og gildi sem hann eða hún hefur tileinkað sér.



Að verða einstaklingur með sterkan persónuleika er töluvert afrek. Þegar unglingar eru 13–15 ára byrja þeir að efast um afstöðu fjölskyldunnar og fara smám saman að skapa sitt eigið hegðunarmynstur. Þá er besti tíminn til að læra að beita viljanum og taka sjálfstæðar ákvarðanir. Vinasamfélagið í flokkunum og sveitarstarfinu hjálpar þeim við þessa þjálfun með því að bjóða bæði stelpum og strákuðum upp á reynslu sem auðveldar þeim að styrkja viljann.

Á þessu tímabili þurfa unglingar að læra að:

- Þekkja möguleika sína og takmarkanir.
- Vera sáttir við sjálfa sig, öðlast hæfileika til að beita sjálfsgagnrýni og viðhalda um leið raunhæfri og góðri sjálfsmynd.
- Hafa stjórn á skapi sínu.
- Þróa með sér skopskyn og geta gert grín að sjálfum sér.
- Öðlast næmi til að geta greint ósamræmi og metið gildi þess að vera samkvæm sjálfri sér eða samkvæmur sjálfum sér.

Að lifa í samræmi við skátalögin er mikilvægur þáttur í því að þróa *siðferðisvitund* og persónuleika.

Skátar búa til sinn eigin *mælikvarða á gildi* sem styrkist á unglingsárunum. Eftirfarandi þættir eru aðalatriðin í þessu ferli:

- Vilji til að hlusta á aðra.
- Hollusta við sannleikann.
- Varanlegt glaðvært viðhorf.
- Væntumþykja gagnvart vinum.
- Mikilvægi fjölskyldunnar.
- Hjálpssemi og þjónusta við aðra.
- Virðing fyrir menningarlegum verðmætum.
- Virðing fyrir náttúrunni.

Orð og fordæmi sveitarförlingjanna eru grundvallaratriði fyrir þróun siðferðisvitundar og gagnrýnnar eða glöggrar dómgreindar. Eins og fram hefur komið gegna þeir hlutverki *fyrirmynnda* skátanna. Þvert á sumar almennar skoðanir eru unglingar alltaf tilbúnir að taka leiðsögn frá velviljuðu fullorðnu fólki þótt þeir virðist stundum ekki hlusta. Nauðsynlegt er að fólk sé þeim náð, eigi eitthvað sameiginlegt með þeim og hafi unnið sér traust þeirra. Mikilvægt er að styðja leiðbeiningar með dæmum – annars eru þær ekki mjög mikils virði.

Á dagskrárvef BÍS eru reynslusögur af konum og körlum sem sveitarförlingjar geta notað sem hvatningu fyrir skátana til að móta eigin persónuleika.



Jón Sigurðsson tók hvorki þátt í drykkju né skemmtanalífi að hætti margra Hafnarstúdentanna á námsárum sínum í Kaupmannahöfn. Hann lá yfir námsbókunum frá byrjun og áhugi hans leiddi hann inn á ný svið. Allt var lesið, bókmenntir, hagfræði, sagnfræði, stjórnfæði, heimspeki. Hann leit á lestur og menntun sem aflvaka breytinga, hugmyndauðgi nærast á þekkingunni. Jafnvel mestu andstæðingar Jóns í frelsisbaráttunni virtu greind hans og sérfræðipækkingu. Verkin lofuðu meistarann, orðsnilldin og ritfærnin, framkoman og ræðusnilldin, öguð vinnubrögð, handbragðið og vandvirknin hvert sem litid var.

Hann hafði þann hæfileika að móta skýra og djarfa sýn og miðla henni myndrænt. Draumsýn hans var þjóðríkið Ísland. Mesta afrek hans var að vekja Íslendinga til virkni, fólk sem lifði við erfiðar aðstæður og átti fullt í fangi með að brauðfæða sig og börn sín. Honum tókst það, vegna þess að Íslendingar, venjulegt fólk, treysti honum, það vissi að hann þekkti sveitasamfélagið, vistarbandið og kirkjuna, danska kaupmenn og konungsholla embættismenn í höfuðstaðnum, allt af eigin raun. Það gat ekki annað en hrifist með þegar hann varpaði fram mynd af því Íslandi framtíðarinnar sem hann sá svo skýrt fyrir sér og vildi leiða Íslendinga inn í.

Jón Sigurðsson steig fram sem förlingi sem skar sig frá upplýsingarmönnum og leiðtogum fyrri tíma, sleit sig lausan frá einveldinu vopnaður nýjum stjórnfarfahugmyndum og skýrri framtíðarsýn.

Hann sá fyrir sér sjálfstæða þjóð í fyllingu tímans. Köllunin var að leiða Íslendinga og semja við Dani um að sá draumur yrði að veruleika - allar hans ákvarðanir um eigið líf voru vígðar þessu marki. Sundurlyndisfjandinn var skoraður á hólmi, þjóðin vakin af værum blundi og kölluð til fylgis við breytingar - því að þjóðin skyldi hafa valdið í fyllingu tímans.

Í fjögurra áratuga sjálfstæðisbaráttu stóð hann í stafni og þurfti sjálfur að smíða vopnin og beita þeim. Hann stóð oft frammi fyrir vali milli þess að leggja vopnin niður eða skerpa þau. Hann stóð ekki aðeins í stafni með stílvopnið á lofti og skipaði öðrum fyrir um framkvæmd mála. Það sem gerði hann svo einstakan var að hann lét verkin tala, var virkur í stóru og smáu.

Sjálfur var hann fyrirmyndin, fyrirheitið um nýja tíma. Glæsilegur heimsmaður, en þó nálægur og miðlægur í hugum Íslendinga. Hann hafði ekki opinbert umboð – aðeins sannfæringarkraftinn og miðlunina í hendi sér. Jón vissi að enginn leiddi hóp nema virkja hann til dáða. Hann vildi ekki láta hlýða sér í blindni, heldur vekja menn til verka, sannfæra menn, þannig að hugsjónin í brjóstum þeirra sjálfra yrði aflvaki nauðsynlegra breytinga.

Persónuleiki hans einkenndist af skýrri framtíðarsýn, seiglu, kjarki, sjálfstrausti og skapfestu. Auk þess var hann harður samningamaður, óhræddur við áhættu og hélt ró sinni þótt við blasti óreiða og óvissa. Jón bjó yfir einstökum áhrifamætti, hafði nýstárlegan og virðulegan ræðustíl og nýtti þekkingu sína og yfirsýn til langtímastefnumörkunar.

Þó að Jón væri á flestan hátt langt á undan sinni samtíð, gætti hann þess að hlaupa ekki svo langt á undan löndum sínum að þeir næðu ekki að fylgja honum. Heimili hans og Ingibjargar Einarsdóttur konu hans stóð Íslendingum ævinlega opið og framlag Ingibjargar var Jóni gríðarlegur stuðningur.

Þorbjörg Sveinsdóttir ljósmóðir í Reykjavík á síðari hluta nítjándu aldar hafði ung lesið rit og ræður Jóns Sigurðssonar. Hún elskaði alla bágstadda og var einlægur talsmaður þeirra. Hún barðist fyrir því að konur fengju aukin réttindi og var sjálf frumherji meðal kynsystra sinna í því að taka þátt í þjóðmálaumræðu. Þó hafði hún formlega séð ekki málfrelsi á kosningafundum. Það höfðu kjósendur einir, en konur höfðu þá ekki kosningarétt. En eins og Þórhallur biskup sagði: „Áhugi hennar og mælskukraftur var stórveldi í þessum bæ ... Það hefði engum forseta á fundi kjósenda hér í bæ haldist það uppi að neita henni um orðið ... Hún var undanþegin harðstjórn tískunnar, hún ein.“ Hún hafði líklega meiri áhrif á þingkosningar en nokkur annar og því þótti betra að hafa hana með sér í liði heldur en ekki. Á þessum tíma var Þorbjörg, ein kvenna í landinu, farin að halda ræður til jafns við karla.



Þegar konungur synjaði staðfestingar á frumvarpi um stofnun háskóla á Íslandi sem Alþingi hafði samþykkt 1893, hóf Þorbjörg öfluga hreyfingu kvenna til styrktar háskólamálinu og efndi þann 26. janúar 1894 til fundar í Reykjavík með um 200 konum. Var hún ræðumaður á fundinum, sem varð upphaf Hins íslenska kvenfélags, stjórnmalafélags, er vinna skyldi að auknum réttindum konum til handa og efla menningu þeirra og menntun með samtökum og félagsskap. 2. ágúst 1897 lét hún draga „Hvítbláinn“ að húni á Þjóðhátíð í Reykjavík, en hann hafði Ólafía fósturdóttir hennar saumað í húsi hennar að fyrirsögn Einars skálds Benediktssonar, frænda þeirra.

Þorbjörg var ógift og barnlaus. Frímerki með mynd hennar var gefið út 1982 í flokknum „Merkir Íslendingar“. Þorbjörg var „sá kvenskörungur, að þjóðin öll minnst þess með hlýjum fögnuði, að ættjörðin getur enn alið slíka dóttur,“ sagði Þórhallur biskup við útför hennar.

Matthías Jochumsson orti um hana fagurt erfljóð.
Þar er þetta þekkta vers:

Harða, blíða, heita, sterka sál,
hjarta þitt var eldur, gull og stál,
ólíkt mér, en allt eins fyrir það
ertu gróin við minn hjartastað.




Þýski eðlis- og stærðfræðingurinn **Albert Einstein**, sem tímaritið Time útnefndi eitt sinn áhrifamesta mann tuttugustu aldarinnar, átti erfitt með nám, einkum í stærðfræði. Þegar kom að því að hann hæfi leit að atvinnu átti hann í erfiðleikum með að finna starf við sitt hæfi, því vísindamönnum við háskólann fannst hann ekki mjög skarpur. Til að byrja með þurfti hann því að flokka pappíra og þess háttar en það dró ekki úr áhuga hans og veitti honum tíma og svigrúm til að hugsa um og þróa kenningar sínar.

Staðfesta og réttlætiskennnd **Mörthu Knight** varð til þess að árið 1870 varð hún fyrsta konan í Bandaríkjunum til að vinna mál fyrir dómstólum einkaleyfismála gegn manni sem hafði stolið hönnun hennar og sótt sjálfur um einkaleyfi fyrir henni. Einkaleyfið var fyrir vél sem framleiddi pappírspoka með flötum botni. Maðurinn staðhæfði að engin kona gæti búið yfir þeirri tæknikunnáttu sem þyrfti til að finna upp svona flókna vél, en Mörthu tókst að sanna mál sitt. Eftir það fékk hún einkaleyfi á nokkrum öðrum vélum, þeirra á meðal hverfilhreyfilsvélum og mörgum sjálfvirkum verkfærum.

Áhyggjufullur faðir fylgdist grannt með unglingnum **Charles Darwin**. Ráðrík systir og öfundsjúkur eldri bróðir gerðu það einnig „Það verður aldrei neitt úr þér,“ sagði faðir hans við hann, „því þú hugsar aldrei um neitt annað en dýr.“ Darwin leið illa í skóla og hann þoldi ekki hversdagslegar spurningar og stöðluð svör kennara.

Hann hætti læknánáminu sem faðir hans hafði fengið hann til að stunda og var þröngvað til að hefja guðfræðinám við Cambridge-háskóla. Kennslan þar gerði næstum því út af við hann en hann sýndi vísindum mikinn áhuga og fór að stunda rannsóknir.

Skipið *Beagle* fór í vísindaleiðangur til Suður-Ameríku árið 1831. Darwin tók þátt í leiðangri-num þrátt fyrir andmæli föður síns sem áleit leiðangurinn varla tilheyrta undirbúningi fyrir prestsstarfið. Leiðangursstjórinn var líka á móti þátttöku Darwins. Hann komst um borð í skipið á síðustu stundu og var þá 22ja ára gamall. Lífið um borð var þægindasnautt, maturinn vondur, hann var sjóveikur næstum allan tímann og fór ferðin illa með heilsu hans. Hann átti samt eftir að breyta heiminum með kenningu sinni um uppruna tegundanna og mannsins og seinna meir skrifaði hann að ferðin hefði verið „án nokkurs vafa þýðingarmesti atburðurinn í lífi mínu... Mér hefur alltaf fundist að hugsun mín öll og menntun hafi hafist þar.“



Lífsfyllingin bíður aldrei hljóðlát eftir okkur handan við hornið. Við þurfum að byggja hana upp skref fyrir skref. „Það er frábært að vilja eitthvað,“ skrifaði **Louis Pasteur** til systur sinnar þegar hann var 19 ára, „en það þarf að fylgja viljanum eftir með vinnu og athafnasemi. - Viljinn opnar dyrnar, vinnan kemur okkur í gegnum þær og velgengnin bíður þess að verðlauna okkur fyrirhöfnina.“

Tilfinningar og skoðanir – tilfinningaþroski

Tilfinningar og skoðanir eru hluti af lífinu, alveg eins og líkaminn, greindin og viljinn. Þær hjálpa til við að skilgreina persónuleika okkar.



Tilfinningar, skoðanir, innri hvatir og ástríður eiga allar þátt í að mynda tilfinningahluta persónuleikans, þær hafa áhrif á allt sem við gerum. Líklega getum við bara lýst þeim lauslega með orðum, en þær eru mikilvægar og hafa varanleg áhrif á okkur sem persónur.

Atburðir úr daglegu lífi veita okkur tilfinningalega reynslu. Meðan við upplifum hana vekur hún viðbrögð í líkamanum og hefur áhrif á hegðun okkar. Við tjáum tilfinningar okkar með hegðun, hugmyndum og skoðunum. Að lokum hafa þær áhrif á það hvernig við erum sem manneskjur.

Allt uppeldisstarf ætti að miða að því að styrkja tilfinningalíf og stuðla þannig að yfirveguðum þroska.

Að þróa tilfinningalegt jafnvægi er meginverkefni okkar á unglingsárunum. Geta ungl-inga til að móta heilbrigðan persónuleika er að miklu leyti háð því. Til þess að ná valdi á þessu verkefni þarf að takast á við alls kyns áskoranir og áhættur:

- Óvissan um hvernig eigi að bregðast við vaxandi kröfum unglingsáranna veldur oft kvíða. Slíkt er þó tíma- bundið ástand og kemur ekki í veg fyrir að unglingar séu virkir og að- lagist. Á þessu tímabili er öryggi þeim nauðsynlegt.
- Unglingar þurfa að læra viðbrögð við löngun til einveru og hlédrægni sem kemur til vegna öryggisleysis gagnvart þeirri kynferðislegu breytingu sem þeir eru að upplifa.
- Unglingar þurfa einnig að yfirstíga vanmáttarkennd sem fylgir skorti á sjálfsöryggi.

Samfélagið sem myndast í skátaflokknum veitir unglíngunum styrk og tækifæri til að:

- Greina tilfinningar sínar og tjá skoðanir og standa með þeim. Það er fyrsta skrefið í átt að jákvæðri og raunhæfri sjálfsmynd.
- Deila hugsunum sínum með jafn- ingjum og fá leiðbeiningar frá þrosk- uðum fullorðnum einstaklingi sem er í góðu jafnvægi.
- Takast á við kvíða og hræðslu, upp- ræta þráhyggju og öðlast öryggi.
- Læra að stjórna ofurviðkvæmni og komast yfir feimni, óöryggi og upp- reisnargirni.
- Læra að þekkja, samþykkja og virða sína eigin kynhneigð sem og kyn- hneigð annarra og tengja hana væntumþykju og ást.
- Sigrast á sleggjudómum um aðra, skoðunum á staðalímyndum um konur og karla. Vinna að því að ná eðlilegu, sanngjörnu og jafnréttis- sinnuðu sambandi við hitt kynið.
- Fara áttakalitra leið að persónulegu sjálfstæði, meta framlag fjölskyldu sinnar og forðast árekstra eða átök milli ósjálfstæðis og frelsis.

Tilfinningar og skapferli fylgja okkur allt lífið og geta komið í ljós við ótrúlegustu aðstæður.



Þegar íslensk þjóð stóð klökk og harmi slegin eftir snjóflóðin á Flateyri og í Súðavík 1995 steig **Vigdís Finnbogadóttir** forseti fram í sinni eftirminnilegustu og sterkustu mynd. Við sérstaka minningarathöfn um alla þá sem létust, talaði hún til ástvina og aðstandenda hinna látnu og þjóðarinnar af slíkri hlýju, einlægni og tilfinningalegri samkennd að þjóðin flutti forseta sinn úr virðulegum húsakynnum Bessastaða og veitti honum bústað í hjörtum sínum. Landsmenn sátu klökkir við sjónvarpstækin. Þeir skynjuðu þá huggun sem ástvinir hinna látnu fundu í faðmlagi hennar og harðgerir vestfirskir sjómenn grétu við öxl hennar í tilfinningaþrunginni samkennd.

Vigdís minntist atburðanna í áramótaávarpi sjónvarpsins 1996: „Þegar við horfum yfir það ár sem nú er liðið minnumst við þess á undan öllu öðru

að það ár heyrðum við þungan tregaslag. Þetta var ár skelfilegra náttúruhamfara, ár mikilla áfalla fyrir einstaklinga, heilar byggðir, þjóðina alla. Við svo váleg tíðindi sem urðu í Súðavík og á Flateyri finnum við átakanlega til vanmáttar, en um leið fyllast hjörtu okkar af samúð til allra sem orðið hafa fyrir þungbærum missi, bæði þar og annars staðar í landinu.“

Þegar þeir voru innikróaðir í Suður-Íshafinu vissi **Ernest Shackleton** að mesta hættan fyrir hina 27 menn hans var að þeir yrðu vonleysi og þunglyndi að bráð. Ernest einbeitti sér því að hverjum og einum persónulega. Við einn, sem var fremur hégómlegur ráðfærði hann sig um mikilvægt mál og bætti þannig líðan hans. Öðrum, sem var að dauða kominn af vonleysi, fól hann sérstaka ábyrgð sem hann varð að sinna hvern einasta dag. Tvo sem voru sérlega einmana færði hann í sitt eigið tjald til að vernda þá. Ef hann sá að einhverjum leið verr en vanalega gaf hann skipun um að kveikja á steinolíulampanum og útbúa heitan drykk fyrir alla. „Auðvitað lét hann viðkomandi ekki vita af því að það væri hans vegna til að gera hann ekki órólegan,“ skrifaði einn manna hans.



Um afraunakappann **Jón Pál Sigmarrson** sagði Jock Reeves, einn þekktasti og virtasti líkamsræktarfrömuður Englands:

„Hann var eflaust einn sterkasti maður sem uppi hefur verið, en sterkasta hlið hans var andleg, hugur hans og hjarta voru svo hrein. Mesta afrek hans var að láta öðru fólki finnast það vera eitthvað sérstakt. Í þessu var styrkur hans fólgin, að vera heiðarlegur og tilfinninganæmur.“

Umhyggja og tilfinningasemi í garð annarra stjórnaði fyrst og fremst gerðum skoska uppfinningamannsins **Alexanders Graham Bell**, sem fann upp símann árið 1876. Kona hans, Mabel Hubbard, var heyrnarlau frá barnæsku vegna skarlatssóttar, en Bell setti sér það takmark að hún skyldi öðlast heyrn. Hann vann að „talandi himnu“ en náði ekki tilætluðum árangri með hana. Titringurinn frá himnunni fór eftir rafmagnsvír og varð til þess að önnur himna talsvert í burtu fór einnig að titra. Þannig endurskapaðist raddhljóðið og Bell hafði þar með fundið upp símann.



Allar uppfinningar Bells – og hann fann ýmislegt upp – voru svar við mannlegri þörf. Eftir að stormur hafði komið í veg fyrir að sæstrengur sem flutti rafmagn upp á ströndina fann hann upp ljósmerkjasímann, sem segja má að hafi verið nokkurs konar þráðlaus sími. Eftir að hafa fylgst með þjáningum stúlku sem gleypt hafði nál fullkomnaði hann útbúnað sem gerður var til að finna málmhluti í mannlíkamanum. Þegar hann sá hve sjómenn kvöldust af hita í kafbátum reiknaði hann út grundvallaratriði nútíma loftkælingar. Hann heyrði líka átakanlega sögu af skipreika fólki sem látist hafði úr þorsta í björgunarbát. Þá fann hann upp tæki sem vann drykkjarvatn úr sjó. Mörg tól og tæki sem lækna og tannlækna nota eru tilkomin vegna tækja sem Bell þróaði til hjálpar mannkyninu án þess að taka eyri fyrir.



Clara Barton var yngst fimm systkina og fór að vinna sem barnakennari þegar hún var aðeins 15 ára. Þegar borgarastrjöldin í Bandaríkjunum braust út og Clara frétti af því að særðir hermenn fengju litla sem enga aðhlyningu, hélt hún til herbúðanna við víglínurnar. Fyrir þetta var henni gefið sæmdarheiðið „Engillinn á vígvellinum.“ Hún annaðist særða og sjúka á vígstöðvunum í Virginíu og Suður-Karólínu í þrjú ár og í framhaldi af því bað Abraham Lincoln Bandaríkjaforseti hana um að skipuleggja kerfi til að hafa uppi á týndum hermönnum. Hún fór til Evrópu árið 1870 þegar fransk-prússneska stríðið braust út og starfaði handan við þýsku víglínuna með Alþjóðlega Rauða krossinum. Þegar hún sneri til baka stofnaði hún Bandaríkjadeild Rauða krossins sem hún stýrði til ársins 1904.



Vinir og samfélag – félagsþroski

Markmið með öllu skátastarfi er sjálfstæði einstaklingsins, en sérhver manneskja sækist eftir að notfæra sér það til að öðlast hamingju. Á þeim forsendum hélt Baden-Powell því fram að sönn velgengni fælist í hamingju og bætti við að besta leiðin til að öðlast hamingju væri að gera aðra hamingjusama.

Sjálfstæði leiðir til djúprar og langvarandi hamingju ef við notum það til að ná til annarra. Þannig uppfyllum við einnig okkar eigin þarfir. Sjálfstæði tengist ákveðnum viðbrögðum: Að samþykkja aðra, hollustu við samfélagið, aðstoð við þá sem þjást. Að sameiginlegri sýn og málefnalegum samskiptum milli menningarsvæða og þjóða.

Því er ekki hægt að tala um heildstæðan persónuleikaþroska nema við látum okkur annt um að þjálfra félagslegan þroska einstaklingsins.

Á þessu sviði uppfyllir skátahreyfingin mjög vel þarfir unglunga á aldrinum 13–15 ára.

- Þar sem að unglingarnir eru að leitast eftir því að finna sjálfa sig og aðlagast samfélaginu, býður skátaflokkurinn upp á öruggt umhverfi þar sem hægt er að nema og endurskoða lífið með öðrum.
- Unglingar upplifa ákveðin viðhorf til samvinnu og hjálpssemi við aðra auk þess sem þeir uppgötva gildi samstöðunnar með þátttöku sinni í hefðbundnum verkefnum og valverkefnum. Þeir læra að taka þátt í lýðræði og að viðurkenna og virða ákvarðanir meirihlutans.
- Með fjölbreytilegum aðferðum við ákvarðanatöku í flokkunum og sveitinni, skilja unglingarnir smám saman þörfina á því að virða samninga sem þeir hafa gert í sameiningu. Einnig að þróa samvinnu og samstöðu með kjörnum fulltrúum.
- Flokkurinn og sveitin bjóða upp á tækifæri til að þróa gagnrýna hugsun. Á sama tíma efla unglingarnir með sér hæfileika til að semja og taka ábyrgð á sameiginlegum reglum sem koma í stað einhliða reglna sem þeim hafa verið kenndar. Slíkt hvetur til sjálfsgaga í stað þess utanaðkomandi aga sem þeir bjuggu við sem börn.
- Sú félagslega samþætting sem skátahreyfingin byggist á færir unglingana nær gildum þjóðarinnar. Það hjálpar þeim að samsama sig samfélaginu og meta það. Einnig öðlast þeir meðvitund um getu sína til að stuðla að verndun og umönnun menningarlegs og náttúrlegs umhverfis.
- Á sama hátt læra þau að meta friðinn sem almennt hlýst af jákvæðum samskiptum og auknu réttlæti milli manna og skilningi milli þjóða.

Skátastarf stendur ekki undir nafni án þjónustu við aðra eða samfélagslegrar þátttöku. Þetta ætti að endurspeglast sterkt í þeim verkefnum sem unglingarnir takast á við í flokks- og sveitarstarfinu og í framkomu foringjanna við aðra.

Á dagskrárvef BÍS eru reynslusögur sem lýsa aðdáunarverðum félagsþroska og samfélagsvitund karla og kvenna á ólíkum tímum við mismunandi aðstæður.



Hannes Hafstein var skipaður fyrsti ráðherra Íslands, þann 1. febrúar 1904. Í ráðherratið sinni vann hann ötulllega að því að færa Ísland inn í nútímamann. Sennilega var hann einmitt það sem þjóðina vantaði á þessum tímamótum. Hann var glæsímennið, karlmennið, heimsmaðurinn og lífsnautnamaðurinn sem hafði sungið vífi og vínnum lof í ótal kvæðum. Hann bar með sér nýjan andblæ sem vakti með Íslendingum tilfinningu fyrir því að þeir gætu staðið útlendingum snúning í hvaða skilningi sem var. Hann færði þjóðinni nýjan bjartsýnisanda og sjálfstraust sem hafði svo áttakanlega vantað í þjóðlífið.

Ári áður en Hannes var skipaður ráðherra átti hann fund með dönskum stjórnvöldum vegna „heimastjórnarmálsins“ þar sem hann lagði áherslu á að Íslendingar fengju í fyrsta sinn íslenskan ráðherra með aðsetur á Íslandi. Eftir fundinn skrifaði Hannes til íslensku þjóðarinnar:

„Ekkert land þarf þess fremur við en Ísland, að fá öflugan og framtakssama forystu innlands stjórnarvalds, þetta vanrækt land, sem sveltur með krásadiskinn í kjöltunni, þar sem ríkar og öflugar auðlindir eru ónotaðar eða ekki hálfnotaðar, atvinnuvegirinn glíma hvor við annan, afurðir landsins verða ekki arðbærar fyrir peningaleysi, verksmiðjuleysi og fólksfæð, og fólkinu fjölgar ekki.“

Eitt það fyrsta sem Hannes gerði og um leið eitt mesta framfaraspör sem stigið var á þessum árum var t.a.m. að láta leggja síma til landsins og um landið. Hannes lagði fyrir Alþingi yfir hundrað stjórnarfrumvörp og má þar nefna nýja fræðslulöggjöf, nýja reglugerð um Lærða skólann, sem framvegis var kallaður Menntaskóli, en í henni fólst að skólinn skyldi opinn jafnt stúlkum sem piltum.

Á næstu árum fengu konur margvísleg réttindi svo sem kosningarétt og kjörgengi til sveitarstjórna og Alþingis og studdi Hannes Hafstein baráttu kvenna með ráðum og dád. Árið 1911 lagði hann fram frumvarp á Alþingi um rétt kvenna til menntunar og embættar. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir takmarkalausum rétti kvenna til hvernar þeirrar menntunar er þær lysti, sama rétti og karla til námsstyrkja og sömu réttindum og skyldum til embættar. Einnig lagði hann fram frumvarp um nýja sveitarstjórnarlöggjöf og lög um verndun fornminja. Undir hans stjórn var samþykkt að stofna Háskóla Íslands, byggja Safnahúsið við Hverfisgötu og metrakerfið var lögleitt, svo að fátt eitt sé talið.

Nokkrum mánuðum eftir lát hans birtu forvígismenn af ýmsum stéttum og öllum flokkum áskorun til íslensku þjóðarinnar um að reisa honum minnismerki. Þar segir, að hann hafi verið „einn þeirra manna, sem hugir þjóðarinnar hafi mest hneigst að um síðustu mannsaldra. Með afburða þreki og lagni hefur hann átt svo mikinn þátt í því hvorutvegja: að koma sjálfsforræðismáli þjóðarinnar fram, og að hrinda réttarbótum og framfaramálum hennar áfram, að fyrir það getur þjóðin aldrei sýnt þakklæti sitt meir en verðugt er.“ Jafnframt hafi hann verið „eitt af helstu ljóðskáldum þjóðarinnar“ og flestum eða öllum fremur reynt að „efla vilja og þrótt hennar til dáðríkra framkvæmda með ljóðum sínum.“

Jafnframt var Hannes „eitt af helstu ljóðskáldum þjóðarinnar“ og flestum eða öllum fremur reyndi hann að „efla vilja og þrótt hennar til dáðríkra framkvæmda með ljóðum sínum“.



Hannes Hafstein fæddist 4. desember árið 1861 og lést 13. desember 1922. Hann var fyrsti íslenski ráðherrann og er eitt af stórskáldum þjóðarinnar.



Þóra Melsted ólst upp í Danmörku og hlaut menntun sína þar. Þegar hún settist að á Íslandi rann henni til rifja það tómlæti sem menntun kvenna var sýnd og vildi bæta úr því. Fyrsta tilraun hennar í þá átt var vísir að kvennaskóla árið 1851, en það átak lifði einungis í tvö ár. Með mikill seiglu og ósérhlífni tókst henni að fá fleiri konur í lið með sér og leiddi það til stofnunar fyrsta íslenska kvennaskólans, sem hún stýrði sjálf fram til 1906. Mætti þessi skóli talsverðri andstöðu í upphafi, en hún lét það sem vind um eyru þjóta og fyrir áræðni hennar og dugnað lifði skólinn af allar árásir og lifir enn í dag.

Þóra fæddist á Sjálandi í Danmörku 18. desember 1823 og lést 22. apríl árið 1919. Hún var dóttir Gríms Jónssonar amtmanns

á Möðruvöllum og konu hans sem var dönsk. Þóra var kona Páls Melsted.

Þóra stofnaði Kvennaskólann í Reykjavík 1. október 1874 og var ein af þeim konum sem settu sterkan svip á 19. öldina.


Baráttukonan **Briet Bjarnhéðinsdóttir** var í fylkingarbrjósti fyrir bættum réttindum kvenna á 19. öldinni. Með ótrúlegri þrautseigju lagði hún grunn að nýrri hugsun og vakti íslenskar konur til vitundar um stöðu sína á tímum þegar þær nutu lítila sem engra réttinda á við karla. Sextán ára gömul ritaði hún grein um stöðu kvenna, en sýndi engum fyrr en 13 árum seinna. Þá birtist hún endurbætt undir heitinu „*Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna*“ í tímaritinu Fjallkonan undir dulnefninu Æsa. Var það fyrsta opinbera baráttugreinin fyrir réttindum kvenna. Árið 1887 hélt hún fyrsta opinbera fyrirlesturinn á Íslandi um hagsmuni og réttindi kvenna. Fyrirlesturinn kom stuttu síðar einnig út á prenti.



Briet stofnaði fyrsta kvennablaðið á Íslandi og var ritstjóri þess í rúm 30 ár. Einnig gaf hún út og ritstýrði Barnablaðinu og beitti sér fyrir stofnun Blaðamannafélagsins. Hún var upphafsmaður að stofnun Hins íslenska kvenréttindafélags, sem með baráttu sinni átti stærstan þátt í því að færa íslenskum konum kosningarétt til jafns við karla. Briet var formaður félagsins nær samfellt fyrstu 20 árin.

Briet sat í bæjarstjórn Reykjavíkur frá 1908 til 1912 og aftur frá 1914 til 1920.

Hún hlaut riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1928 og var fyrsta nafngreinda konan á frímerki á Íslandi, árið 1978.



Mahatma Gandhi helgaði líf sitt baráttu fyrir þá sem órétti voru beittir. Fyrst í Suður-Afríku þar sem hann starfaði sem lögfræðingur og barðist í tvo áratugi fyrir réttindum hindúa sem nutu ekki fullra mannréttinda. Þótt hann væri einungis 25 ára þegar hann hóf baráttu sína hafði hann mikil áhrif á fólk því hugsjón hans var skýr og tilgangur hans einlægur. Einurð hans gagnvart óréttlætinu hvatti aðra til dáða.

Þegar Gandhi var 46 ára sneri hann aftur til Indlands til að frelsa landið undan breskum yfirráðum. Eina vopn hans var afl sannleikans eða „Satyagraha“ og ofbeldislaus borgaraleg óhlýðni sem reyndist ein af djörfustu og árangursríkustu aðgerðum í sögu stjórnmála og réttindabaráttu heimsins.

Gandhi var oft gagnrýndur, móðgaður, barinn og settur í fangelsi. Afneitun hans á hvers konar ofbeldi, stöðugar föstur hans og hungurverkföll ásamt lífi hans öllu styrkti samvinnu í stað vontrausts og reiði. Hann ávann sér ást og aðdáun landa sinna og veikti breska heimsveldið sem leiddi til sjálfstæðis og lýðræðis indversku þjóðarinnar.

Gandhi boðaði virðingu fyrir öllum erfðastéttum hins indverska samfélags, því hann sóttist ekki eingöngu eftir að Indland hlýti frelsi frá Bretum og erlendri stjórn heldur einnig frá hlekkjum sinna eigin hefða. **Gopal Gokhale** hindúískur vitringur sagði að Gandhi hefði „hið dásamlega andlega afl sem breytir venjulegum mönnum í hetjur og píslarvotta“.

Á svipaðan hátt og Gandhi er **Nelson Mandela**, hinn mikli suður-afríski leiðtogi, tákn landa sinna um endalok aðskilnaðarstefnunnar. Mandela dreymdi um „þann dag þegar allir vakna og skilja að við verðum öll að lifa saman sem bræður“. Tvö hundruð árum fyrr hafði **Benjamin Franklin**, sem í krafti vitsmuna sinna og þekkingar var einn af þeim er lagði grunn að sjálfstæði Bandaríkjanna, sagt: „Það hefur aldrei verið gott stríð eða slæmur friður.“



Martin Luther King Jr. fæddist inn í millistéttar fjölskyldu og átti góða æsku. Foreldrar hans voru háskólamenntaðir og sjálfur hlaut hann góða menntun og ólst upp í Aburn þar sem voru einhver stærstu og völdugstu fyrirtæki blökkumanna og kirkjur landsins. Hann var því alls ekki í umhverfi þar sem fordómar gegn blökkumönnum voru ráðandi. Þrátt fyrir það þá upplifði hann samt mjög ungur fordóma sem hann skildi ekki alveg á þeim tíma. Þegar hann var tveggja til þriggja ára átti hann tvo leikfélaga sem bjuggu á móti honum. Þessir vinir hans voru hvítir. Oft þegar hann kom í heimsókn, leyfðu foreldrar strákanna þeim ekki að leika við hann, komu með margar afsakanir fyrir því að þeir gætu það ekki en voru þó ekki beint dónaleg. Þegar Martin var um sex ára sagði einn af leikfélögum hans honum að þeir mættu ekki lengur leika sér saman vegna þess að foreldrar hans vildu það ekki. Þeir væru að fara í skóla þar sem aðskilnaður kynþátta var við lýði og því gætu þeir ekki verið vinir lengur.

Martin Luther King helgaði líf sitt baráttu gegn kynþáttafordómum. Hann var 27 ára þegar hann tók þátt í fyrstu friðsamlegu mótmælunum, þegar blökkumenn fóru að sniðganga strætisvagna í Montgomery. Ástæða þessa var sú að blökkumenn voru neyddir til að sitja aftast í strætisvögnum og standa upp fyrir hvítu fólki.

Þann 28. ágúst 1963 hélt hann eina frægustu mannréttindaræðu sögunnar „Ég á mér draum,“ fyrir um 200.000 manns sem höfðu safnast saman hjá minnismerki Lincolns í höfuðborginni Washington. Martin Luther King vann friðarverðlaun Nóbels 1964 og var þá yngsti maðurinn sem hafði unnið þau, einungis 38 ára gamall. Hann var skotinn til bana þann 4. apríl árið 1968.

Skömmu fyrir andlát sitt sagði uppfinningamaðurinn **Alexander Graham Bell** við blaðamann: „Ég er ríkasti maður á jarðri. Ég á tvær dætur, níu barnabörn og nítján barnabarnabörn. Fáir menn eru eins gæfusamir og ég.“ Blaðamaðurinn spurði þá hvort auður hans gerði hann ekki hamingjusamann. „Auður gerir hvorki mig né nokkurn annan hamingjusaman,“ svaraði Bell. „Án friðar er engin hamingja. Sama hve auðugur þú ert. Ég vil helst sitja með barnabarnabörn mín í fanginu og segja við þau: „Ef þú getur ekki gert góðverk, forðastu þá að minnsta kosti að skaða aðra. Það er eini leyndardómurinn við mannlega hamingju.“

Lífsgildi og tilgangur lífsins – andlegur þroski

Strax frá því augnabliki er manneskjan varð meðvituð um eigin tilvist, hefur hún leitað svara við spurningum um uppruna sinn, náttúruna og örlög mannkynsins: Hvaðan kom ég? Hver er ég? Hvert er ég að fara?

Fólk sem býr við mismunandi menningu spyr eflaust ólíkra spurninga. Kona sem reynir að lifa lífi sínu eftir bestu samvisku spyr öðruvísi spurninga en kona sem hlustar ekki á sína innri rödd. Maður sem þjáist spyr annarra spurninga en maður sem er heill heilsu. Sá trúaði orðar spurninguna ef til vill öðruvísi en efasemdarmaðurinn, nemandinn öðruvísi en verkamaðurinn og barnið á annan hátt en sá fullorðni. Þó er það í grundvallaratriðum sama ráðgátan sem við viljum öll fá lausn á. Allt sem við tökum okkur fyrir hendur einkennist af leit okkar að tilgangi lífsins.

Við getum ekki skipt manneskjunni einfaldlega í afmarkaða líkamlega, vitsmunalega, siðferðilega, tilfinningalega og félagslega hluta. Við getum ekki útilokað andlega þáttinn í lífi okkar. Þetta þýðir að andlegur þroski er hluti af alhliða þroska manneskjunnar. Frá 13–15 ára aldri, fara unglingar oft að efast um barnatrú sína eða í það minnsta að þróa fremur sinnuleysislegt viðhorf gagnvart henni.

Þetta er hluti af því ferli sem felst í því að efast um afstöðu fjölskyldunnar, en það fylgir oft tilkomu orsakahugsunar og kynþroska. Þetta er umbreytingin frá viðurkenndri barnatrú í að tileinka sér lífsgildi fullorðinna á persónulegan hátt.

Lokamarkmið skátahreyingarinnar á sviði andlega þroskans leiðir til þess að skátastarf reynir að:

- Þjóða unglingum upp á að leita dýpri viðmiða, bæði persónulega og samfélagslega, um tilveru mannkyns og náttúrunnar í heild og tengja þau eigin lífsgildum.
- Hvetja unglinga til að fylgja siðfræðilegri afstöðu sem tengist hugmyndum um tilgang lífsins utan eða innan skipulagðra trúarbragða.
- Hvetja unglinga til að stunda ígrundun og samræður við aðra um tilgang lífsins og mannlega breytni og til að þekkja og geta útskýrt mikilvægi persónulegrar og sameiginlegrar upplifunar.
- Hvetja unglinga til að gera siðaboðskap, sem byggir á kennisetningum um tilgang lífsins og virðingu fyrir lífi yfirleitt að hluta af daglegu lífi, bæði einkalífi og samfélagsþátttöku, og leitast við að hjálpa öðrum í stóru og smáu.
- Hvetja unglinga til samskipta við fólk burtséð frá uppruna þess, litarhætti, kyni, kynhneigð eða stjórnmálaskoðunum og leitast við að skapa opið, umburðarlynt og fordómalaust samfélag.

Sveitarfóringjar sem taka þátt í þessu ferli með orðum sínum, athöfnum og metnaðarfullu fordæmi, styðja leit unglinga að tilgangi lífsins með það að takmarki að þeir verði að loknum mótunarárunum, sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar.

Árið 1509 sat spænski hermaðurinn **Bartolomé de las Casas** messu hjá föður Montesino í kirkju Santo Domingo í Dóminíkanska lýðveldinu. Kaþólski presturinn fordæmdi spænska landvinningamenn sem vildu leggja undir sig landið sem þeir fundu í leit sinni að gulli og gersemum. Hann talaði um menn sem bæru litla umhyggju fyrir lífi og limum annarra, einkum þeirra sem þeir hefðu sigrað. Bartolomé sá sjálfan sig í landvinningamönnum sem presturinn talaði um og það hreyfði við honum. Hann gaf þrælum sínum frelsi og tveimur árum seinna tók hann vígslu sem prestur. Svo hóf hann baráttu sem hann helgaði allt sitt líf - að verja indíána Rómönsku-Ameríku fyrir miskunnalausri misnotkun landa sinna. Hann fór í fjölda leiðangra um spænskar nýlendur Ameríku og frægð hans óx með hverju ári. Innfæddir kölluðu hann „Föður indíánanna,“ en eins og margir sem standa í mannréttindabaráttu var hann sakaður um að vera föðurlandsvikari, brjálæðingur og loddari, en ákafi hans ávann honum að lokum stuðning Spánarkonungs.



Boðskapur og manngildishugsjón íslenska jesúítaprestsins **Jóns Sveinssonar**, sem betur er þekktur sem barnabókarithöfundurinn **Nonni**, hefur borist víða um heim í nærfellt heila öld, eða allt frá því að fyrsta Nonnabókin, *Nonni*, kom út árið 1913.

Alls urðu Nonnabækurnar 12 talsins og skrifaði Nonni þær á þýsku. Þær hafa verið þýddar á 30-40 tungumál og gefnar út í milljónum eintaka. Einnig hafa verið gerðir þekktir sjónvarpsþættir víða um lönd eftir bókum hans.

Nonni dvaldi víða um heim við nám, störf og fyrirlestrahald, meðal annars í Danmörku, Frakklandi, Englandi, Þýskalandi, Austurríki og Hollandi. Árið 1936 hélt Nonni í heimsreiðu og dvaldi meðal annars í Japan í eitt og hálf t. Á ferðum sínum og í fyrirlestrum fjallaði hann oftast um Ísland.

Hugsjónakonan **Ólafía Jóhannsdóttir** helgaði sig trú sinni og umönnun þeirra sem undir höfðu orðið í lífsbaráttunni. Hún fór bindindisleiðangra, m.a. um Norður-Ameríku. Þar heimsótti hún sjúka, vann að aðhlyningu drykkjumanna og flutti erindi um trúmál. Hún var hrífandi mælskukona og bjó yfir miklum sannfæringarkrafti. Ólafía seldi eigin sínar og viðhafnarklæði og vildi að allt sem hún ætti yrði henni því aðeins til gleði að aðrir gætu notið þess með henni. Ólafía flutti til Óslóborgar og vann þar líknarstörf og hjálpaði vegalausum vændiskönnum. Stóð hún fyrir stofnun nýs kvennaheimilis þar í borg árið 1912. Lánleysingjar og syndarar voru í hennar augum jafningjar sem hún bauð inn til sín daglega. Minnisvarði með andlitsmynd hennar var reistur í Ósló 1930 og hefur henni verið líkt við helga menn kristinnar kirkju.



Séra Friðrik Friðriksson var einn merkasti æskulýðsleiðtogi 20. aldar og stofnaði m.a. KFUM og KFUK, skátafélagið Væringja, íþróttafélögin Val og Hauka og Karlakórinn Fóstbræður. Þegar sr. Friðrik sneri til Íslands eftir nám í Kaupmannahöfn var félags- eða íþróttastarf fyrir íslenska æsku afar fábrotið og varð það köllun hans og ævistarf að bæta úr því. Þótti framtak sr. Friðriks til æskulýðsmála það merkilegt að stytta var reist honum til heiðurs á meðan hann var enn á lífi og stendur hún við Lækjargötu.

Í blaðaviðtali í tilefni af 90 ára afmæli sr. Friðriks sagði hann svo frá: „Þó ég hafi orðið prestur þá langaði mig miklu meira til að verða kennari eða læknir. Mér fannst ég hafa betra tækifæri til að leiða aðra ef ég yrði til dæmis læknir og er enn þeirrar skoðunar að trúaður læknir geti unnið ennþá betra starf í þágu einstaklinganna en góður prestur. Það er alltaf hægt að segja um prestinn að hann prédiki kristni af því að það sé hans lífibrauð, en það er ekki hægt að segja um kennarann eða lækninn.“



Florence Nightingale eða „konan með lampann“ eins og hún var gjarnan kölluð braut blað í sögu hjúkrunar og kvenréttinda þegar hún hélt með 38 hjúkrunarfræðinga til Tyrklands til þess að hjúkra og annast særða hermenn í Krím-stríðinu árið 1854, nánast í óþökk yfirmanna hersins. Eftir stríðið stofnaði hún svo skóla fyrir hjúkrunarfræðinga og átti stóran þátt í því að bæta hjúkrun almenn og breyta viðhorfi manna til heilbrigðismála og þátttöku kvenna á þeim vettvangi sem og öðrum.

Þessi dæmi segja frá fólki sem var gjafmilt, örlátt og trúði á lífið. Dæmin sýna okkur að það má finna vísbendingar um lífsgildi og tilgang lífsins hjá sjálfum sér og öðrum. Gildir þá einu hvort menn eru af öðrum kynþætti eða aðhyllast önnur trúarbrögð. Þetta er traust á öðrum líkt og **Ghandi** boðaði. Stundum finnum við lífsgildin í gegnum náttúruna eða innra með okkur. Við þurfum oft bara örlitla innri þögn og ró til að átta okkur á þeim.

Marco Polo, hinn mikli feneyski könnuður 13. aldar, dáðist að því trúarlega umburðarlyndi sem hann varð vitni að í langri dvöl sinni í Kína. Kristnir, múslímar, konfúsíanistar, gyðingar, búddistar og taóistar lifðu í friði með guði sína hver á sinn hátt, ólíkt trúarleiðtogum og þjóðhöfðingjum í Evrópu sem stóðu í stöðugum trúarstríðum.

Sveitarforingjar þurfa að kunna margs konar reynslusögur og vita hvenær á að nota þær

Á hverju þroskasviði höfum við nefnt til sögunnar ákveðnar persónur en það hefur þann tilgang að gera hugmyndir okkar áþreifanlegar. Þessar sögur má nota til að örva unglिंगana. Hægt er að finna miklu fleiri fyrirmyndir, sögur og frásagnir. Sveitarforingjar geta fundið góð dæmi á dagskrárvef BÍS, með því að tala við reyndari foringja, leita á veraldarvefnum og í bókum.

Það er sveitarforingjans að velja orðin, aðferðina og tímenn til að segja þessar reynslusögur. Tilgangurinn er að ná sem bestum áhrifum og auðga samskiptin við unglिंगana og að hvetja skátanna til dáða. Sveitarforingjarnir þekkja unglिंगana í sveitinni sinni best – alveg eins og **Ernest Shackleton** þekkti sína menn. Þeir vita þeir hver þarf á hvatningu og styrkingu að halda og hvernig, hvenær og hvar best er að veita hana. Í skátasveit þar sem oft eru sagðar sögur, verður andrúmsloftið auðugra og tilvísunin í fyrirmyndirnar virka vel. Töframáttur þess sem segir frá gerir tákmyndirnar áþreifanlegar.